STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1986

Nr.69 174 24. desember 1986

LÖG

um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 5 350 000 SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og ábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 70 23. desember 1986

LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 1 700 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 4 450 000 þús. kr.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1987 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 400 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Hveragerðis, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 45 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 12 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 9 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 3 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Aðrar hitaveitur, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 281 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt skv. nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

   Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs, og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, heimilt að semja við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.

6. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 520 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 620 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 75 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 320 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til hönnunar og smíði ferju.

12. gr.

Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 35 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði Breiðafjarðarferju.

13. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3.–12. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 55 000 þús. kr. á árinu 1987.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 22 200 þús. kr. á árinu 1987 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1987.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 4 700 þús. kr. á árinu 1987.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 130 000 þús. kr. á árinu 1987. Jafnframt falla niður óuppgerðar markaðar tekjur vegna ársins 1985 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra skv. 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1987.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 15 000 þús. kr. á árinu 1987.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 3. gr. laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. á árinu 1987.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1987.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 12 000 þús. kr. á árinu 1987.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979 um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum falla þær greiðslur niður á árinu 1987 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957 um Menningarsjóð skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 7 900 þús. kr. á árinu 1987.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 465 000 þús. kr. á árinu 1987.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1987 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1987 eigi nema hærri fjárhæð en 820 000 þús. kr.

III. KAFLI

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina sem endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða

vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

31. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

32. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 600 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna sölu fjögurra fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið í smíðum innanlands á árunum 1982–86. Skip þessi mega vera allt að 42,4 metra löng og með vélarafl allt að 1000 hestöflum.

Ríkissjóði er jafnframt heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánum sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíða skipanna til að greiða fyrir sölu þeirra.

Ráðherra ákveður nánar um framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.

33. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 160 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem tekin verða vegna togarans Merkúrs.

34. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán Stálvíkur hf. með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

35. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð innlent lán Hitaveitu Rangæinga að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. til skuldbreytingar hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

36. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1 300 000 þús. kr. sem Hitaveita Akureyrar kann að taka á árinu 1987 til að skuldbreyta erlendum lánum.

37. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 3 500 000 þús. kr. af langtímaskuldum Rafmagnsveitna ríkisins vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi af raforku enda gefi Rafmagnsveitur ríkisins þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 600 000 þús. kr. og afhendi ríkissjóði tvö skuldabréf útgefin af Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð 990 000 þús. kr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 920 000 þús. kr. af langtímaskuldum Orkubús Vestfjarða vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi af raforku enda gefi Orkubú Vestfjarða þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 400 000 þús. kr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 30 000 þús. kr. af langtímaskuldum Rafveitu Siglufjarðar vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi á raforku enda gefi Rafveita Siglufjarðar þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 15 000 þús. kr.

38. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 700 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1986.

Jafnframt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að semja við Seðlabanka Íslands fyrir árslok 1986 um skuldbreytingu á umsömdum lánum ríkissjóðs í bankanum.

39. gr.

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1987. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1988 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

13. október 1986 Nr. 71

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 13. október 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.